



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2018

FÓHE3AU03

Aðbúnaður og umhverfi

Kennarar: Sigurður Torfi Sigurðsson	Sk.st.	STS
--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu atriði sem hafa ber í huga við almennt hestahald. Hluti námskeiðsins fer fram í hesthúsum nemenda þar sem nemendur eru láttnir bera ábyrgð á fóðrun og umhirðu hesta sinna. Úttekt á nemendahestum fer fram í byrjun og lok námskeiðs en nemandi heldur skráningu á helstu þáttum er varða umhirðu hesta sinna og gerir reglulegt mat á ástandi þeirra (a.m.k. mánaðarlega). Nemandi heldur vel utan um þessa skráningu og skilar skýrslu í um helstu atriði vinnunnar í námskeiðarlok. Á námskeiðinu verður yfir helstu reglugerðir um hestahald og aðbúnað hesta. Farið verður í hvernig huga skal aðstöðu í hesthúsi, s.s. stíustærð, vinnuplássi, viðrunargerði, kaffistofu, fóður- og hnakkageymslu. Farið verður yfir helstu grunnatriði varðandi loftræstingu og lýsingu. Nemendur gera mat á þeirri aðstöðu sem þeir hafa til umráða fyrir hesta sína og fjalla um það í lokaskýrslu. Þá verður farið yfir helstu atriði er lúta að hestum í haga, mat á landi, skiptingu stóðs, girðingar og skjól. Farið verður yfir helstu þætti er varða hrossarækt, uppeldi unghrossa og stóðhestahald. Nemendum verða kynnt öryggisatriði og helstu reglur varðandi hestakerrur og flutning á hrossum.

Undanfari: HEST3ÞG03, REIM3ÞG05, FÓHE2FU03

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hvað huga þarf að varðandi aðbúnaði hrossa á húsi og í haga
- mikilvægi beitarstjórnar og mati á beitarálagi
- fóðrun hrossa á húsi og á útigangi
- reglum varðandi hestahald og aðbúnað hrossa í hesthúsi og umgjörð hesthúss
- mismunandi gerðum girðinga og reglum varðandi girðingar á hrossahólfum
- helstu atriði er hafa ber í huga við skipulag á hesthúsi
- hvernig haga skuli geymslu á fóðri
- helstu atriði er varða loftskipti, lýsingu, umhverfi hesthúss og gerði
- helstu atriði er varða hrossarækt, uppeldi unghrossa og stóðhestahald.
- helstur reglum og öryggisatriðum hvað varðar hestakerrur og flutning á hrossum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði
- gera umhverfi hestsins hestvænt
- meta gæði hesthúss
- halda hesthúsi með jöfnu hitastigi, hreinu og vel loftræstu
- setja upp aðstöðu í hesthúsi þannig að vel fari um menn og hross
- halda gerði og ytra umhverfi hesthús í sómasamlegu ásigkomulagi
- setja upp algengustu gerðir af girðingum og viðhalda þeim
- meta ástand beitarhólfa
- skipt upp stóði eftir fóðurþörf hrossa og virðingastigi
- flutt hross milli staða á öruggan hátt

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta borið ábyrgð á umhirðu hrossa í hans umsjá.
- geta haldið hesta og fóðrað þá við mismunandi skilyrði í samræmi við gildandi reglugerðir og lög hverju sinni
- meta beit og beitarálag
- fóðra hross eftir fóðuráætlun
- gera umhverfi hestsins hestvænt
- ala upp ung hross
- hafa umsjón með stóðhesti
- flytja hross á milli staða á öruggan hátt

Námsefni:

Hestafræði Ingimars, knapamerkjabækur og greinar frá kennara.

Greinar og ítarefni sem tengjast námsefninu verða birtar á Moodle

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
2	8.- 12. janúar	Skipulag í hesthúsi / Yfirlit og reglugerðir	
3	15.- 19. janúar	Hesthús, skipulag og stærðir	
4	22.- 26. janúar	Hesthús, skipulag og stærðir	Verkefni 1 lagt fyrir
5	29. jan - 2. feb	Hesthús, umhverfi	
6	5. - 9. febrúar	Teikningar og uppdættir, æfingar með mælikvarða.	Skil verkefni 1 / Verkefni 2 lagt fyrir
7	12. - 16. febrúar	Hljóð, loft og lýsing	
8	19. - 23. febrúar	Hesthús upprifjun / Dille brottför 22. feb.	Skil á verkefni 2
9	26.febr. - 2.mars	Dille heimkoma 28. feb / Kátir dagar	
10	5. - 9. mars	Búfjárrækt / kynbætur	Verkefni 3 lagt fyrir
11	12. - 16. mars	Búfjárrækt / kynbætur	
12	19. - 23. mars	Búfjárrækt / kynbætur / erfðir	Skil á verkefni 3
13	26.mars - 2.apríl	Páskafri	
14	3.- 6. apríl	Búfjárrækt / erfðir	Verkefni 4 lagt fyrir
15	9.-13. apríl	Búfjárrækt / erfðir	
16	16. - 20. apríl	Skipulag beitarhólfa, girðingar	Skil á verkefni 4
17	23. - 27. apríl	Girðingar verklegar æfingar	Verkefni 5 lagt fyrir
18	30.apr.- 4. maí	Flutningur á hrossum	Skil á verkefni 5 / Verkefni 6 lagt fyrir
19	7. – 11. maí	Upprifjun / Námsmat hefst 11. maí	Skil á verkefni 6 / Skil á lokaskýrslu

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er próflaus, til að standast áfangann þurfa nemendur að vera með 75% raunmætingu, að lágmarki 5 í einkunn fyrir lokaskýrslu og að lágmarki 5 í einkunn fyrir 5 af 6 skilaverkefnum.

Ef nemandi skilar verkefni ekki á tilsettum tíma dregst einn heill frá einkunn fyrir hvern dag sem seinkun nemur.

Nánari útskýringar á verkefnum verða um leið og þau eru lögð fyrir.

Fyrirkomulag námsmats:

Verkefni	Lýsing og námsmat	Vægi
Verkefni 1	Verkefni úr efni í reglugerð, spurningar	5%
Verkefni 2	Lýsing og hugmyndað hesthúsi og aðstöðu skýrsla / ritgerð	15%
Verkefni 3	Búfjárrækt, kynbætur	15%
Verkefni 4	Búfjárrækt, erfðir	15%
Verkefni 5	Girðingar og skipulag beitar	5%
Verkefni 6	Flutningur hrossa	5%
Lokaskýrsla	Eftirlit og úttektir	25%
Mætingar	Raunmætingar	10%
Kennaraeinkunn	Virkni í umræðum	5%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.